


Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. mars 2011
Tilvísun: UST20110300035/bs

Skútar í Hörgársveit, efnistaka. Umsögn um tillögu að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun:

Fjallað er um tvo framkvæmdakosti. Kostur I er að unnið verði efni í námunni næstu 50 ár. Kostur II er að unnið verði í námunni næstu 100 árin og er þá talið að efnistakan verði allt að 10.000 m³.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því hinum langa vinnslutíma samkvæmt kostum I og II. Stofnunin telur æskilegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til lengri og skemmri tíma. Æskilegt væri t.d. að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum efnistökkunnar á hverju 20 ára tímabili í samræmi við áfangaskiptingu.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að við umfjöllum um framkvæmdatíma verði gætt samræmis varðandi gildistíma framkvæmdaleyfa og aðalskipulags þannig að stjórnvöld og almenningur geti haft áhrif á framkvæmdir meðan á þeim stendur og hægt væri að endurskoða fyrirkomulag efnistökkunnar m.t.t. reynslunnar.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir gróðurfari og fuglalífi á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Ef talið er að ekki þurfi að ráðast í frekari rannsóknir ættu forsendur þeirrar ákvörðunar að vera byggðar á mati sérfræðinga. Ekki er nægjanlegt að vísa til ummæla "kunnugra".

Virðingarfyllt
Björn Stefnason
Björn Stefnason


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri